

Nr. 085/ 12 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júlí 2012 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum í Jökultungu. Veður: NA 4 m/s.

Tveir skipverjar sem unnu við frágang afla í lest voru að setja tómt kar ofan á annað sem þeir höfðu fyllt með ísuðum fiski. Þegar karið féll í sæti sitt lagðist brún þess að kari við hliðina og við það varð litli fingur vinstri handar annars skipverjans á milli svo hann brotnaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.